



Reykjavík 6. mars 2012

## Niðurstaða athugunar á starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar sem birt var á heimasíðu þess þar sem gerð var grein fyrir tilteknum atriðum sem þörfuðust úrbóta eftir athugun á þáttum í starfsemi sjóðsins.

Í kjölfar athugunarinnar rituðu starfsmenn Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 18. maí 2011 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 24. júní 2011 var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli óháðum endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið var að í skýrslunni eigi síðar en 15. nóvember 2011. Í greinagerð endurskoðanda, sem send var Fjármálaeftirlitinu, kom fram að sjóðurinn stefndi að því að flytja rekstur sinn til Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Af þeim sökum væri ekki hagkvæmt fyrir sjóðinn að ráðast í úrbætur sem sneru t.a.m. að gerð verkferla vegna þeirrar starfsemi sem yrði útvistað. Í kjölfar greinagerðarinnar aflaði Fjármálaeftirlitið fyllri gagna í samskiptum við Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri sjóðsins.

Úrbætur á ákveðnum þáttum í starfsemi sjóðsins verða ekki uppfylltar fyrr en rekstur hans hefur verið færður yfir til LSS. Samkvæmt fyrirbyggjandi samningsdrögum mun LSS annast daglegan rekstur sjóðsins frá 1. apríl nk.

Í framangreindri greinagerð endurskoðanda kom fram að sjóðurinn hefði ekki lokið öllum öðrum úrbótum en þeim sem frestað var, vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur, frá því skýrsla innri endurskoðanda barst, enn ekki lokið við samþykktarbreytingar til samræmis við núverandi rekstur sjóðsins og lög. Það hefur m.a. í för með sér að óskráðar fjárfestingar sjóðsins eru utan heimilda samþykta sjóðsins. Þá hefur sjóðurinn ekki lokið við að yfirfara skráningu í iðgjaldakerfi sjóðsins. Úrbætur sjóðsins eru á lokastigi og fær Fjármálaeftirlitið reglulega upplýsingar um gang mála.

[Fyrri tilkynningu Fjármálaeftirlitsins þann 30. ágúst 2011: Niðurstaða athugunar á starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.](#)